

## AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990 - 2010,  
að því er tekur til landnotkunar á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990 - 2010, að því er tekur til landnotkunar á lóðinni staðgreinireit 1.340.5.

Breytt er landnotkun á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa og mælir með staðfestingu hennar.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 17. október 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 552

19. september 1996

## REGLUR

um öryggisráðstafanir við jarðefnanám.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

1. Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám fer fram og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Í reglunum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

2. Reglur þessar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum, sbr. sérstakar reglur þar um.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum merkir:

- a. *jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar* alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:
  - jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eða
  - leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
  - meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.
- b. *vinnustaður* svæði sem ætlað er að hýsa vinnuástöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, þar með taldir úrgangslösuástaðir og aðrir geymslustaðir auk íveruástöðu, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.

### II. KAFLI

#### Skyldur atvinnurekanda.

##### 3. gr.

##### *Almennar skyldur.*

1. Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að: